

Stjórnarfundur FEB nr. 447
Miðvikudag 27.5. 2020 kl. 9:30

Mætt: Sigríður Snæbjörnsdóttir, Finnur Birgisson, Kári Jónasson, Sjöfn Ingólfssdóttir, Þorbjörn Guðmundsson, Ólafur Örn Ingólfsson sem ritaði fundargerð.

Auk þess sátu fundinn Dýrleif Guðjónsdóttir framkv. stj. og Jóhanna Ragnarsdóttir skrifstofustjóri.

Fjarverandi: Ellert B. Schram, Guðrún Árnadóttir, Róbert Bender

Dagskrá:

1. Aðalfundur

Stjórnarfundur samþykkir að aðalfundur FEB 2020 verði haldinn 16. júní 2020 kl. 14:00 að Hótel Sögu. Undirbúningur sem farið hafði fram fyrir frestun vegna COVID-19 standi. Bera skal vafaatriði undir lögfræðing félagsins.

2. Ályktun stjórnar FEB um kjaramál

Fyrir fundinum liggja drög að ályktun stjórnar um kjaramál eldri borgara sem leggja á fyrir aðalfund FEB. Drögin samdi þG. Farið var yfir drögin, gerðar leiðréttigar og samþykkt að breyta í tvær ályktanir, annarsvegar um kjaramál eldri borgara en hinsvegar stuðning FEB við málsókn Gráa hersins.

3. Félagsstarf/ferðir FEB sumar 2020

Sagt frá mikilli ánægju með vorferðir sem auglýstar hafa verið. Þá hafa Gönguhrólfar hafið vikulegar göngur frá Stangarhyl, dansleikir eru að hefjast aftur á sunnudagskvöldum fyrst á Sjómannadaginn, og í undirbúningi eru fyrstu ferðir sumarsins nú í júní.

4. Fulltrúar á landsfund LEB 30. júní

Fyrir liggur að FEB getur tilnefnt 46 fulltrúa á landsfund LEB sem haldinn verður 30. júní nk. Verður kynnt sérstaklega á aðalfundi auk þess sem auglýst verður eftir fulltrúum á heimasíðu félagsins.

5. Önnur mál

Sagt frá miklum áhuga á Leigufélagi aldraðra. ÓÖI tók að sér að kynna félagið nánar þegar það er tímabært en stutt er í að Leigufélagið opni formlega heimasíðu.

Fundi slitið kl. 12:00

ÓÖI

Ellert B Schram
Þorbjörn Guðmundsson
Sigríður Ingólfssd.

Konf. Jónasson
Ingi. Þorðarsdóttir.
Finnur Birgisson